

Fundur - 25. ágúst 2004

Ár 2004 þann 25. ágúst kl. 15:30 kom mennta- og menningarmálanefnd saman til fundar á Reykhólum ásamt fulltrúa foreldraráðs, skólastjóra, fulltrúa kennara auk sveitarstjóra er reit fundargerð. Mættir allir aðalmenn nema Ágústa Bragadóttir er sat fundinn í forföllum Ingvars Samúelssonar. Einnig hafði Guðrún Samúelsdóttir boðað seinkun.

1) Staða mála í upphafi skólavetrar. Skólastjóri fór yfir stöðu mála, m.a. yfirvofandi kennaraverkfall. Enginn veit hvort af verkfalli verður. Skólastjóri lagði fram uppkast að skóladagatali. Það er ekki alveg tilbúið. Gert er ráð fyrir 177 skóladögum eins og í fyrra. Reiknað er með þremur öðrum í fyrsta skipti skólaárið 2004-2005 og er það til reynslu. Nú er í fyrsta skipti boðið upp á valgreinar í 9. og 10. bekk. Skólastjóri greindi enn fremur frá nýjum starfsmönnum; Guðrúnu Guðmundsdóttur, Guðrúnu Árnýju Einarsdóttur og Kolfinnu Ýr Ingólfssdóttur sem er nýr kennari. Tónmennt er nú kennd í fyrsta skipti og annast Trausti Þór Sverrisson kennslu í henni (1-7. bekkur). Skólastjóri skýrði frá námskeiðum sem kennarar hafa sótt.

2) Umsóknir um nám í Reykhólaskóla í vetur. Fyrir liggja tvær umsóknir frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og von á einni frá Akureyri. (Guðrún mætti á fundinn kl. 16:05). Nauðsynlegt er að fá greidda samtals tíu tíma á viku í sérkennslu vegna þessara nemenda.

3) Framkvæmdir í Reykhólaskóla sumarið 2004. Sveitarstjóri og skólastjóri greindu frá innanhússframkvæmdum þar sem búið er að búa til eitt rými úr því sem áður skiptist í matsal, kennslustofu og félagsaðstöðu nemenda. Þessar breytingar virðast koma vel út. Enn fremur hafa verið keyptar þrjár nýjar tölvur sem leysa eldri tölvur af hólmi.

4) Staða framkvæmda við Íþróttahús við Reykhólaskóla. Sveitarstjóri og formaður byggingarnefndar greindu frá. Ekki eru líkur á að límtrésskemman rísi fyrr en í október. Skólastjóri vakti athygli á að opna þarf flóttaleið úr neðri heimavist sem hefur verið lokað vegna Íþróttahússframkvæmda.

5) Uppsetning nýrra leiktækja á lóð Reykhólaskóla. Verið er að setja upp tækin sem bæði verða á lóð skólans og einnig er um að ræða endurnýjun á leiktækjum leikskólans. Þörlungaverksmiðjan greiðir hluta af kostnaðinum samkv. samkomulagi frá árinu 2001. Ingvar Samúelsson og Guðmundur Sigvaldason skrúfuðu tækin saman í sjálfboðavinnu og færir nefndin þeim þakkir.

6) Erindisbréf mennta- og menningarmálanefndar. Samþykktir sveitarfélagsins gera ráð fyrir slíku erindisbréfi. Sveitarstjóri lagði fram greinargerð sem hann hafði unnið um málið. Niðurstaðan er sú að ekki sé lagaskylda að gera slíkt erindisbréf, en ekkert mæli gegn því. Sveitarstjóra falið að gera uppkast að erindisbréfi og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.

7) Staða mála varðandi tónlistarskóla Reykhólahrepps. Ljóst er að tónlistarskóli verður ekki starfræktur þennan veturinn. Rætt um að sveitarfélagið geti hugsanlega skapað forsendur fyrir einkareknum tónlistarskóla í framtíðinni, eftir atvikum í samvinnu við Reykhólakirkju. Vísað til hreppsnefndar.

8) Kynnt þemaráðstefna í Reykjavík 15-16. september: "Menntun og mannauður - lifandi skólasamfélag."

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin, samþykkt og undirrituð. Fundi slitið kl. 17:30

Karl Kristjánsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Guðrún S. Samúelsdóttir (sign)

Ágústa Bragadóttir (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)